

49

20. apríl

L Ö G

um viðauka við lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi viðauki:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning á kjöti til landsins í apríl-, maí- og júnimánuði 1954. Leyfi þetta má því aðeins veita, að yfirdýralæknir samþykki innflutninginn og fylgt verði fyrirmælum hans um kjötinnflutning þennan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

50

20. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38 27. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 18. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll samkv. a-, c- og d-lið 3. töluliðs 18. gr., greiða þessar viðbótarbætur:

1. Til ekkju eða ekkils samkv. fyrri málslíð a-liðs kr. 14 000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis skv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna óvinnuhæfni (skorts á starfsgetu) kr. 2 000.00 til — 6 000.00
3. Til foreldra samkv. d-lið — 2 000.00 til — 6 000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6.400.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð. 50

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tölulið þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6.400.00, sem skiptist milli barna hins látna, er njóta lifeyris samkv. b-lið 3. töluliðs 18. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans. 20. apríl

Viðbótardánarbætur samkv. þessari grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa eftir 31. desember 1953, og skulu þær hækka til samræmis við visitölu eftir sömu reglum og laun. Jafnframt skal ríkisstjórnin setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkv. 113. gr. laganna, og taka þau gildi 1. janúar 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnunum. 51

20. apríl

HANDHAFAR VALDS FÖRSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verði: Lánadeild smáíbúða.

2. gr.

Í stað orðanna „smárra íbúðarhúsa“ í 38. gr. laganna komi: smárra íbúða.

3. gr.

40. gr. laganna hljóði þannig:

Lán þau, sem lánadeild smáíbúða veitir, skulu tryggð með 2. og 3. veðrétti í íbúð þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera $5\frac{1}{2}$ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til hversrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð samanlagt á fyrri veðréttum og veðrétti þeim, er lánadeildin hefur fyrir sínu láni til smáíbúðar, en 100 þúsund krónur.

4. gr.

41. gr. laganna breytist þannig:

- a. Aftan við 1. tölul. bætist: eða sambyggingu, sem smáíbúð hans er í.
- b. Í stað orðsins „húsinu“ í 3. tölul. komi: íbúðinni.